AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., nr. 759 3. október 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, á bráðamóttöku og göngu- og slysadeild sjúkrahúsa og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gert samning við skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og sérfræðilæknum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.
Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá lækninum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda læknabréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðilæknir þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknabréf. Komi sjúklingur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu annars sérfræðilæknis skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda læknabréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðilæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.